

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 9. mars kl. 13:00 var haldinn 286. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og um fjarfundabúnað. Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir og Eypór Laxdal Arndals á Bæjarhálsi en Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir og Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar um fjarfundabúnað. Einnig sátu fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Petta gerðist:

1. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, kynntu drög að ársreikningi ársins 2019. Lárus Finnbogason gerði grein fyrir aðkomu endurskoðunarnefndar að uppgjörsvinnu. Afgreiðslu reikningsins frestað til aukafundar þann 12. mars nk.
2. Ingvar kynnti sviðsmyndir varðandi arðgreiðslur og samanburð við breytingar á gjaldskrá. Lögð fram og kynnt svohljóðandi tillaga að arðgreiðslu vegna ársins 2019. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 1.750 milljónir króna eða tæpleg 1% af eigin fé í árslok 2019. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá fyrir tímabilið 2020-2025.

Afgreiðslu tillögunnar frestað til aukafundar þann 12. mars nk.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 14:00.**

**Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 12. mars 2020.**

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon  
Eypór Laxdal Arnalds  
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir  
Hildur Björnsdóttir  
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir